

Samræmdar reglur um röðun á framboðslista Sjálfstæðisflokksins

1. Þegar kjördæmisráð eða fulltrúaráð hefur ákveðið að viðhafa röðun á framboðslista með samþykki 2/3 hluta fundarmanna skal þegar kjósa kjörnefnd til að annast undirbúning og gerð tillögu til kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs. Nema kjörnefnd hafi þegar verið kosin samkvæmt reglum kjördæmis- og fulltrúaráða.
2. Kjósa skal að lágmarki sjö menn til starfa í kjörnefnd, þar af skal kjósa formann sérstaklega.
3. Kjörnefndarmaður má ekki gefa kost á sér á lista til röðunar.
4. Kjördæmisráð eða fulltrúaráð ákveður hversu mörgum sætum á framboðslistanum skuli skipað með röðun.
5. Kjördæmisráð eða fulltrúaráð ákveður hversu langan tíma kjörnefnd hefur til starfa. Þá er boðað til nýs fundar í kjördæmisráði eða fulltrúaráði og skulu annaðhvort aðalmenn eða bæði aðalmenn og varamenn boðaðir, skv. 56. gr. skipulagsreglna.
6. Hlutverk kjörnefndar er að leggja lista fyrir kjördæmisráð eða fulltrúaráð með nöfnum þeirra einstaklinga sem kjósa skal um í starfrófsröð. Til að undirbúa slíkan lista skal kjörnefnd auglýsa eftir framboðum einstaklinga sem áhuga hafa á taka þátt í kosningu á fundi kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs.
7. Kjörnefnd er heimilt að ákveða framboðsfrest vegna röðunar á framboðslista. Ákveði kjörnefnd framboðsfrest skulu þeir sem hafa áhuga á að vera í framboði senda skriflegt framboð til kjörnefndar innan frestsins með þeim upplýsingum sem kjörnefnd óskar eftir.
8. Kjörnefnd er jafnframt heimilt að bæta við nöfnum til viðbótar frambjóðendum skv. 6 gr., þar til kosningu er lokið.
9. Kjörnefndarmenn eru bundnir trúnaði um störf nefndarinnar og þær upplýsingar sem henni hafa borist.
10. Óheimilt er að gera formlega tillögu á kjörfundi um einstakling nema með samþykki hans.
11. Kjörnefnd leggur tillögu sína fram á fundi kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs. Á fundinum er fundarmönnum heimilt að leggja fram tillögu um frambjóðanda til viðbótar þeim sem kjörnefnd gerir áður en kosning hefst, enda hafi kjörnefnd ekki tekið ákvörðun um framboðsfrest skv. 7 gr.
12. Þeim einstaklingum, sem tillagan gerir ráð fyrir að kosið sé um og ekki eiga sæti í kjördæmisráði eða fulltrúaráði er heimilt að mæta á fund ráðsins og taka til máls.
13. Kosning á fundi skal vera skrifleg og fer þannig fram að byrjað er á að kjósa á milli þeirra sem gefa kost á sér í 1. sæti. Þegar ljóst er hver skipar það sæti er kosið á milli þeirra sem gefa kost á sér í 2. sæti og geta þeir sem ekki náðu kosningu í 1. sæti tekið áfram þátt og svo

áfram uns kosið hefur verið um öll þau sæti sem kjördæmisráð eða fulltrúaráð hafði áður ákveðið að skipuð yrðu með þessum hætti.

14. Eftir að kosið hefur verið um sætin sem ákveðið var að skipuð yrðu með röðun skv. ofansögðu skal kjörnefnd gera tillögu um þau sæti sem eftir eru. Einfeldan meirihluta atkvæða þarf til að afgreiða listann endanlega í kjördæmisráði eða fulltrúaráði.
15. Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma má vísa til miðstjórnar til úrskurðar. Það skal gert svo fljótt sem auðið er en ekki síðar en viku frá því að fundur varhaldinn.
16. Til að gæta jafnræðis og tryggja að prófkjör, uppröðun eða kjör í stjórnir félaga og ráða, geti talist lýðræðisleg er grundvallaratriði að frambjóðendur, sem eru flokksbundnir sjálfstæðismenn, hafi aðgang að gildri kjörskrá. Á það bæði við um að tryggja eðlilegt eftirlit frambjóðenda með því að kosningar séu falslausar sem og að tryggja jafnan möguleika þeirra á að koma framboði sínu, stefnu sinni og sjónarmiðum á framfæri við þá sem hafa kosningarétt. Það er grundvallaratriði lýðræðis að þeir sem bjóða sig fram til trúnaðarstarfa gefist kostur á að kynna sér hverjir eiga atkvæðisrétt. Þessi réttur hefur verið tryggður í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins í áratugi, með því að veita frambjóðendum aðgang að kjörskrá, skv. skráðum reglum flokksins sem og þeim sem myndast hafa af hefð.

Enda hefur verið venja fyrir því að afhenda frambjóðendum í prófkjöri kjörskrá svo viðkomandi geti kynnt sín stefnumál fyrir þeim sem atkvæðisrétt eiga hverju sinni. Venjan er í samræmi við almennar kosningareglur sem kveða m.a. á um að kjörskrá skuli liggja frammi almenningi til sýnis í tiltekinn tíma fyrir kjördag.

Hafi prófkjör eða uppröðun verið ákveðin í kjördæmisráði fyrir alþingiskosningar eða fulltrúaráði fyrir sveitarstjórnarkosningar, fá því frambjóðendur aðgang að kjörskrá á viðeigandi svæði samkvæmt neðangreindum skilyrðum. Kjörskráin skal afhent, skv. nánari ákvörðun fulltrúa- eða kjördæmisráðs gegn háu skilagjaldi. Ætíð skal kjörskrá afhent í stafrófsröð en jafnframt eftir heimilisföngum, ef við á, til að tryggja að frambjóðendur geti nálgast þá sem kosningarétta hafa til að kynna framboð sitt og stefnu í viðkomandi hverfum. Skrifstofa Sjálfstæðisflokksins býr til listann og afhendir. Listanum skal skila strax að kjöri loknu, og eigi síðar en 2 sólarhringum síðar, á skrifstofu flokksins í Valhöll gegn skilagjaldi. Frambjóðendur skulu undirrita drengskaparheit um meðferð kjörskrá og skal heitið innihalda þær reglur flokksins um kjörskrá sem þessi grein tiltekur.

Skráin inniheldur lista yfir flokksbundna sjálfstæðismenn á viðeigandi svæði. Það er með öllu óheimilt að dreifa eða láta upplýsingar, sem kjörskráin inniheldur, af hendi.

Frambjóðendur skulu að viðlögðum drengskap meðhöndla skrána sem trúnaðarmál sem og önnur gögn er þeir fá afhend frá skrifstofu Sjálfstæðisflokksins. Einungis er heimilt að nota skrána vegna þátttöku frambjóðanda í prófkjöri, uppröðun eða í stjórnarkjöri aðildarfélags flokksins, og það er með öllu óheimilt að afrita hana eða að afhenda öðrum skrána eða eftirrit hennar. Stranglega bannað er að styðjast við eldri kjörskrár eða aðrar skrár yfir flokksbundna sjálfstæðismenn í kjördæminu en þá sem vísað er til hér að framan.

Kjörskrá inniheldur persónugreinanlegar upplýsingar. Frambjóðendur heita því að kynna sér og fylgja þeim reglum sem um meðferð og vinnslu slíkra upplýsinga gilda, m.a. þær sem finna má í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Bent er á að viðurlög eru við misnotkun á kjörskránni.

Kjörskrá sem notuð er í prófkjörum og í tengslum við uppröðun skal samkeyra við bannskrá Þjóðskrár og símaskrár og fjarlægja skal símanr. bannmerktra úr kjörskrá. Óheimilt er að hafa samband við þannig skráða einstaklinga í tengslum við framboð í prófkjörum og uppröðun. Þó er flokknum heimilt að hafa samband við bannmerkta einstaklinga í tengslum við miðlun upplýsinga um viðburði, stefnu, fundi og annað sem flokkurinn telur mikilvægt að miðla til félagsmanna sinna.

Frambjóðendur bera ábyrgð á samskiptum sínum við flokksbundna sjálfstæðismenn, sem og aðra þá sem kann að verða haft samband við, í tengslum við framboð þeirra.

Þannig samþykkt af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 18. janúar 2018.